

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir janúar – júlí 2015 liggur nú fyrir og gefur upplýsingar um afkomu ríkissjóðs á grundvelli innheimtra tekna og greiddra gjalda. Tekjujöfnuðurinn var neikvæður um 20,7 ma.kr. sem er betri staða en gert hafði verið ráð fyrir. Innheimtar tekjur jukust um 10,1 ma.kr. milli ára en móti jukust greidd gjöld um 40,9 ma.kr. Handbært fé frá rekstri var neikvætt um 52,7 ma.kr. samanborið við jákvætt handbært fé upp á rúma 5,8 ma.kr. 2014. Þessi viðsnúningur milli ára skýrist að stórum hluta með því að leiðrétting verðtryggðra húsnæðislána sem gjaldfærð var á árinu 2014 kom til greiðslu nú í byrjun árs 2015. Þetta hefur eingöngu áhrif á sjóðshreyfingar en ekki rekstrarstöðu ársins 2015 og hafði sambærileg jákvæð áhrif á handbært fé í lok árs 2014.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-júlí 2015 (m.kr.)

	Milljónir króna		
	2013	2014	2015
Innheimtar tekjur	297.302	348.101	358.233
Greidd gjöld	318.707	338.087	378.944
Tekjujöfnuður	-21.405	10.014	-20.711
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	2.165	5.101	-31.987
Handbært fé frá rekstri	-19.240	15.115	-52.698
Fjárfestingahreyfingar	-22.603	-18.716	13.123
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	-41.843	-3.601	-39.575
Afborganir lána	-89.067	-137.711	-83.629
Innanlands	-86.596	-29.267	-31.041
Erlendis	-2.471	-108.444	-52.588
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-130.910	-141.312	-123.204
Lántökur	76.746	154.542	38.166
Innanlands	76.746	37.744	38.166
Erlendis	0	116.798	0
Breyting á handbæru fé	-54.164	13.230	-85.038

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 358,2 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins sem er 2,9% meira en innheimtist á sama tímabili í fyrra. Jákvætt frávik frá fjárlagaáætlun nemur 3,3% þegar leiðrétt hefur verið fyrir helstu óreglulegu eða tilfallandi liðum. Af heildartekjum tímabilsins námu skatttekjur og tryggingagjöld 309,5 ma.kr. sem er 4% meira en á sama tíma í fyrra. Þegar leiðrétt er fyrir fjármagnstekjuskatti ríkissjóðs sjálfs eru skatttekjur og tryggingagjöld 1,9 ma.kr. eða 0,6% yfir áætlun.

Skattar á tekjur og hagnað jukust um 4,3% á milli ára og námu samtals 126,2 ma.kr. sem er 4,3 ma.kr. eða 3,6% yfir áætlun. Tekjuskattur einstaklinga nam 68,7 ma.kr. í janúar-júlí sem er minna en á sama tímabili í fyrra, og skýrist af hinni árlegu endurgreiðslu til heimila vegna ofgreiddrar staðgreiðslu fyrra árs, sem í ár nam 8,1 ma.kr. Í ár fellur endurgreiðslan á júlímánuð en hún féll á ágúst í fyrra. Sé litið til staðgreiðslu tekjuskatts og útsvars á tímabilinu þá jókst hún um 7% á milli ára. Hluti ríkissjóðs í henni, þ.e. tekjuskatturinn, jókst um 8,3%. Tekjuskattur lögaðila nam 31,9 ma.kr. og þar af nam sérstakur fjársýsluskattur 6 ma.kr. Sé hann undanskilinn nam aukningin í tekjuskatti lögaðila 15,6% á milli ára, en minnt skal á að um bráðabirgðagreiðslur er að ræða fram að álagningu á lögaðila í október.

Fjármagnstekjuskattur skilaði samtals 25,7 ma.kr. á tímabilinu. Fjármagnstekjuskattur greiddur af ríkissjóði sjálfum nam 6,5 ma.kr. þar af og flokkast sá hluti sem óreglulegur liður. Hin háa fjárhæð skýrist af arðgreiðslu Landsbankans, en fjármagnstekjuskattur af henni nam 4,7 ma.kr. Ef þessi óreglulegi hluti er



undanskilinn nam fjármagnstekjuskattur 19,2 ma.kr. sem er 2,6 ma.kr. eða 15,8% yfir áætlun og 6,6% aukning frá fyrra ári.

1.1.1 Tekjur ríkissjóðs janúar – júlí 2013-2015

	Milljónir króna á verðlagi hvers árs			Breyting frá fyrra ári, %		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Skatttekjur og tryggingagjöld	268.853	297.638	309.534	3,8	10,7	4,0
Skattar á tekjur og hagnað	103.298	120.988	126.249	6,2	17,1	4,3
Tekjuskattur einstaklinga	67.670	73.685	68.655	7,2	8,9	-6,8
Tekjuskattur lögaðila	16.859	23.271	31.877	-6,5	38,0	37,0
Skattur á fjármagnstekjur	18.769	24.032	25.717	16,5	28,0	7,0
Eignarskattar	5.860	5.929	4.532	-8,4	1,2	-23,6
Skattar á vöru og þjónustu	113.211	121.161	127.252	2,8	7,0	5,0
Virðisaukaskattur	72.916	80.019	85.971	2,2	9,7	7,4
Vörugjöld af ökutækjum	2.838	3.039	4.105	12,0	7,1	35,1
Vörugjöld af bensíni	6.642	6.747	6.834	-2,4	1,6	1,3
Skattar á olíu	3.668	3.855	4.122	2,0	5,1	6,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.680	10.352	10.585	4,5	6,9	2,3
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	17.467	17.149	15.635	5,3	-1,8	-8,8
Tollar og aðflutningsgjöld	3.192	3.172	3.172	-23,2	-0,6	-
Aðrir skattar	4.324	4.978	4.339	21,5	15,1	-12,8
Tryggingagjöld	38.968	41.409	43.990	4,1	6,3	6,2
Fjárframlög	96	100	135	-82,6	4,4	35,0
Aðrar tekjur	27.707	49.038	48.563	21,4	77,0	-1,0
Sala eigna	647	1.326	-	-	-	-
Tekjur alls	297.302	348.101	358.232	4,8	17,1	2,9

Eignarskattar drógust talsvert saman frá fyrra ári eða um 23,6% og námu þeir 4,5 ma.kr. sem er 1,1 ma.kr. yfir áætlun. Samdrátturinn milli ára skýrist af brottfalli auðlegðarskatts frá og með síðustu áramótum en hins vegar hefur verið greiddur tæpur milljarður króna af eftirstöðvum auðlegðarskatts í ríkissjóð á þessu ári sem skýrir hið mikla frávik í þessum flokki. Stimpilgjöld námu 2,2 ma.kr. sem er 10,4% yfir áætlun og aukning um 13,4% frá því í fyrra. Tekjur af erfðafjárskatti jukust um 3% á milli ára og námu 1,2 ma.kr.

Skattar á vöru og þjónustu jukust um 5% á milli ára og námu þeir samtals 127,3 ma.kr. sem er 1,2 ma.kr. yfir áætlun. Virðisaukaskattur, sem vegur þyngst í þessum flokki skatta, nam 86 ma.kr. sem er 1 ma.kr. eða 1,1% undir áætlun fjárlaga og aukning um 7,4% á milli ára. Í júlí var á gjalddaga helmingur virðisaukaskatts af innflutningi í maí og júní og nam hann 8,1 ma.kr. eða 1,3% meira en í fyrra. Hið neikvæða frávik á fyrstu sjö mánuðunum virðist skýrast af lakari skilum en einnig kunna breytingar á dreifingu veltu og endurgreiðslu innskatts innan ársins að segja til sín. Áhugavert verður því að sjá niðurstöður ágúst mánaðar, sem er einn stærsti innheimtumánuður virðisaukaskattsins.

Vörugjald af ökutækjum nam 4,1 ma.kr. sem er 0,7 ma.kr. yfir áætlun og 35,1% meira en í fyrra, en aukningin milli ára skýrist af fjölgun innfluttra bifreiða. Vörugjöld af bensíni eru rétt yfir áætlun og skilaðu 6,8 ma.kr. sem er 1,3% meira en í fyrra. Olíugjaldið, sem jókst um 6,9% á milli ára, skilaði 4,1 ma.kr. en það er 4,3% yfir áætlun. Kolefnisgjaldið er 6,5% undir áætlun og skilaði 2 ma.kr. sem er 4,2% meira en í fyrra. Vegna endurgreiðslna er dreifing kolefnisgjaldsins nokkuð breytileg milli mánaða. Innheimta bifreiðagjalds, sem er á gjalddaga í janúar og í júlí ár hvert, er lítillaga yfir áætlun og nam 4 ma.kr. tímabilið janúar-júlí.



Tekjur af áfengisgjaldi námu 7,2 ma.kr. sem er 0,2 ma.kr. eða 2,4% yfir áætlun og aukning um 4,5% á milli ára. Tekjur af tóbaksgjaldi eru 2,7% undir áætlun og námu 3,4 ma.kr. sem er 2,2% samdráttur frá fyrra ári. Sala áfengis á fyrstu sjö mánuðum ársins mæld í vínanda jókst um rúmlega 3% á milli ára en tóbakssala dróst saman um tæplega 3% að magninu til.

Tollar og aðflutningsgjöld námu 3,2 ma.kr. sem er það sama og í fyrra og 0,3 ma.kr. eða 9,2% yfir áætlun. Stöðnunin á milli ára skýrist af áhrifum fríverslunarsamnings Íslands og Kína sem tók gildi 1. júlí í fyrra.

Tekjur af tryggingagjöldum námu 44 ma.kr. á tímabilinu sem er á áætlun og 6,2% aukning frá því í fyrra. Þar af nam almenna tryggingagjaldið (ásamt Fæðingarorlofssjóði) 35,0 ma.kr. og atvinnuþryggingagjaldið 8,5 ma.kr.

Aðrir skattar eru 0,1 ma.kr. undir áætlun og námu samtals 4,3 ma.kr. sem er samdráttur upp á 12,8% á milli ára. Þar af námu skattar á launagreiðslur og vinnuafli 3,5 ma.kr. Fjársýsluskatturinn dróst saman um 8,7% milli ára og nam 1,7 ma.kr. sem er 0,3 ma.kr. undir áætlun. Samdrátturinn á milli ára stafar að hluta af því að innheimtan í janúar 2014 byggðist á 6,75% skatthlutfalli en 5,5% í janúar 2015.

Aðrar tekjur en skatttekjur drógust saman um 1% milli ára á fyrstu sjö mánuðum ársins og námu samtals 48,6 ma.kr. Stærsti einstaki liðurinn er 23,5 ma.kr. arður frá Landsbankanum sem greiddur var í lok mars. Tekjur af arði frá öðrum félögum námu 5,7 ma.kr. Vaxtatekjur námu samtals 7,8 ma.kr. sem er 13,8% minna en á sama tímabili í fyrra og veiðigjaldið skilaði 5,4 ma.kr. á tímabilinu sem er 4,5% minna en í fyrra.

Greidd gjöld námu 378,9 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 40,9 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 12,1% sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til einstakra málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Þróun útgjalda eftir málaflökkum janúar-júlí 2013-2015

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári		
	2013	2014	2015	2013	2014	2015
Fjármagnskostnaður	45.327	51.065	53.108	-0,2	12,7	4,0
Almenn opinber þjónusta	33.327	29.154	29.598	43,9	-12,5	1,5
Almannatryggingar og velferðarmál	70.097	72.866	82.876	15,7	3,9	13,7
Heilbrigðismál	73.383	78.994	84.354	24,6	7,6	6,8
Efnahags- og atvinnumál	30.517	33.919	52.546	22,2	11,1	54,9
Menntamál	31.272	32.363	34.595	14,1	3,5	6,9
Menningar, íþróttar og trúmál	10.823	11.034	11.043	28,3	1,9	0,1
Lög- og réttargæsla	12.708	12.738	12.875	21,8	0,2	1,1
Önnur útgjöld	11.252	15.955	17.948	21,8	41,8	12,5
Gjöld alls	318.707	338.086	378.944	18,7	6,1	12,1

Þróun málaflökkanna eru svo rakin frekar í greiningu á frávikum hvers málaflokks. Þegar fjallað er um áætlun hér að neðan er átt við fjárlög og fjárukalög fyrir þetta tímabil eins og þeim hefur verið dreift yfir árið út frá áætlaðri dreifingu raunútgjalda. Þá er búið að bætast inn í áætlunina flutt fjárheimildastaða frá fyrra ári sem bætist við eða dregst frá heimildum ársins eftir því hvernig staða fyrri ára.

Útgjöld einstakra málaflokka - frávik milli ára janúar-júlí 2014-2015

	2015	2014	% breyt.
Æðsta stjórnarsýsla og löggjafarvald	2.347	2.413	-2,7



Fjármálastjórnsýsla ríkisins	6.125	5.728	6,9
Utanríkismál	5.632	5.941	-5,2
Önnur almenn opinber þjónusta	5.198	5.408	-3,9
Fjármagnskostnaður	53.108	51.065	4,0
Almenn fjárframlög til sveitarfélaga	10.295	9.663	6,5
Almenn opinber þjónusta	82.707	80.219	3,1
Lög- og réttargæsla	12.875	12.738	1,1
Almenn atvinnumál og markaðseftirlit	3.697	3.695	0,0
Landbúnaðarmál	7.632	7.921	-3,7
Samgöngumál	14.017	13.447	4,2
Rannsóknir og þróun í efnahags- og atv.málum	3.000	2.990	0,4
Niðurfærsla verðtryggðra húsnæðislána	18.662	0	#DIV/0!
Önnur efnahags- og atvinnumál	5.538	5.866	-5,6
Efnahags- og atvinnumál	52.546	33.919	54,9
Lyf og lækningavörur	10.628	10.843	-2,0
Heilsugæsla	17.503	15.448	13,3
Sjúkrahúsþjónusta	36.703	34.295	7,0
Hjúkrunar- og endurhæfingarstofnanir	16.822	15.940	5,5
Heilbrigðiseftirlit og stjórnsýsla	2.698	2.468	9,3
Heilbrigðismál	84.354	78.994	6,8
Menningarmál	5.129	5.195	-1,3
Íþróttir, fjölmiðlun, félags- og trúmál	5.914	5.839	1,3
Menningar- og félagsmál	11.043	11.034	0,1
Framhaldsskólastig	12.922	11.657	10,8
Háskólastig	18.941	18.194	4,1
Önnur menntamál	2.733	2.512	8,8
Menntamál	34.595	32.363	6,9
Örorka og fötlun	20.255	20.152	0,5
Öldrun	28.976	26.813	8,1
Fjölskyldur og börn	15.536	12.301	26,3
Atvinnuleysi	7.310	8.824	-17,2
Vaxtabætur	5.981	342	1650,0
Önnur trygginga- og velferðarmál	4.818	4.434	8,7
Almannatryggingar og velferðarmál	82.876	72.866	13,7
Lífeyrisskuldbindingar, eftirlaun	7.175	6.183	16,1
Fjármagnstekjuskattur	6.540	5.597	16,8
Annað	4.234	4.175	1,4
Önnur útgjöld	17.948	15.955	12,5
Gjöld alls	378.944	338.087	12,1

Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust lítt milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir og námu 82,7 ma.kr. Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skýrir stærstan hluta af þessari upphæð eða rúm 64%,



en hann nam 53,1 ma.kr. á tímabilinu. Greiðslur til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga námu 10,3 ma.kr. á tímabilinu og jukust lítillega milli ára sem var í samræmi við það sem áætlanir gerðu ráð fyrir. Útgjöld vegna utanríkismála námu 5,6 ma.kr. og útgjöld vegna fjármálastjórnsýslu ríkisins 6,1 ma.kr. Þá námu útgjöld til annarra liða sem falla undir almenna opinbera þjónustu um 7,5 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári.

Útgjöld vegna lög- og réttargæslu námu um 12,9 ma.kr. og voru svipuð og á síðasta ári. Stærstu útgjaldapættirnir eru útgjöld Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu sem námu 2,2 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Landhelgisgæslu Íslands sem námu 1,8 ma.kr. Þá námu útgjöld Ríkislögreglustjóra 919 m.kr. og annarra lögregluembætta 2,4 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld héraðsdómstóla námu 869 m.kr., útgjöld Fangelismálastofnunar 843 m.kr. og útgjöld sérstaks saksóknara 389 m.kr.

Útgjöld til efnahags- og atvinnumála námu 52,5 ma.kr. á tímabilinu og jukust töluvert á milli ára sem var í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir. Stærsti útgjaldaliður þessa flokks er niðurfærsla vegna verðtryggðra húsnæðislána sem nam 18,6 ma.kr. á tímabilinu sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir en engin gjaldfærsla var vegna þessa á sama tímabili 2014 þegar gjaldfærslan kom á seinni hluta ársins. Útgjöld til samgöngumála námu rúmum 14 ma.kr. sem er lítilsháttar aukning frá fyrra ári og umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Vegagerðarinnar skýra þetta að stærstum hluta og námu þau 11,5 ma.kr. á fyrstu sjö mánuðum ársins. Útgjöld vegna landbúnaðarmála námu 6,7 ma.kr. og dragast lítillega saman á milli ára en greiðslur vegna landbúnaðarframleiðslu skýra þessi útgjöld að stærstu leyti og námu þau 6,3 ma.kr. á tímabilinu. Útgjöld vegna almennra atvinnumála og markaðseftirlits námu 3,7 ma.kr., útgjöld vegna rannsókna og þróunar í efnahags- og atvinnumálum 3 ma.kr. og útgjöld vegna annarra efnahags- og atvinnumála 5,5 ma.kr.

Útgjöld til heilbrigðismála námu rúmum 84,4 ma.kr. og jukust um 5,4 ma.kr. milli ára. sem er tæpum 3 ma.kr. umfram það sem gert hafði verið ráð fyrir sem skýrist að mestu með halla frá fyrri árum sem dregst frá heimildum ársins. Útgjöld vegna lyfja og lækningavara námu 10,6 ma.kr. sem er lækkun frá fyrra ári sem er svipað og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna heilsugæsluþjónustu námu 17,5 ma.kr. samanborið við 15,4 ma.kr. á sama tímabili 2014 sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Af þeim útgjöldum námu greiðslur Sjúkratrygginga vegna heilsugæsluþjónustu 8,2 ma.kr. og útgjöld Heilsugæslu á höfuðborgarsvæðinu 3,1 ma.kr. Útgjöld vegna sjúkrahússþjónustu námu 36,7 ma.kr. samanborið við 34,3 ma.kr. 2014. Langstærstur hluti þessara útgjalda skýrist með útgjöldum Landspítala sem námu 26,6 ma.kr. en útgjöld Sjúkrahússins á Akureyri námu 3,5 ma.kr. og annarra heilbrigðisstofnana 4,8 ma.kr. Útgjöld vegna hjúkrunar- og endurhæfingarstofnana námu tæpum 16,8 ma.kr. og jukust um rúman 1 ma.kr. milli ára. Þá námu útgjöld vegna heilbrigðiseftirlits og stjórnsýslu rúmum 2,7 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld til menningar- og félagsmála námu um 11 ma.kr. á tímabilinu og voru svipuð og á fyrra ári og heldur lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld til menningarmála skýra 5,1 ma.kr. og voru svipuð og á fyrra ári. Útgjöld vegna íþróttar, fjölmiðlunar, félags- og trúmála námu 5,9 ma.kr. þar sem helstu útgjaldapættir eru Ríkisútvarpið 2,1 ma.kr. og útgjöld vegna kirkju- og sóknamála samtals rúmum 3 ma.kr. Útgjöld til menntamála námu 34,6 ma.kr. á tímabilinu og jukust um 2,2 ma.kr. milli ára en voru lægri en gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna framhaldsskólastigs námu 12,9 ma.kr. og hærri en á fyrra ári eins og gert hafði verið ráð fyrir. Útgjöld vegna háskólastigs námu 18,9 ma.kr. og jukust á milli ára eins og gert



hafði verið ráð fyrir. Útgjöld Háskóla Íslands námu 7,1 ma.kr. á tímabilinu og útgjöld Lánasjóðs íslenskra námsmanna 8,1 ma.kr. Þá námu útgjöld vegna annarra menntamála um 2,7 ma.kr. á tímabilinu.

Útgjöld vegna almannatrygginga og velferðarmála námu 82,9 ma.kr. á tímabilinu janúar - júlí og jukust um 10 ma.kr. milli ára sem er minna en gert hafði verið ráð fyrir. Þessi hækkun milli ára skýrist að stórum hluta til með dreifingu innan ársins og mun jafnast út þegar frekar líður á árið. Undir þennan flokk falla stórir bótaliðir og skýra þeir langstærstan hluta útgjaldanna. Útgjöld vegna örorku- og fötlunarmála námu 20,3 ma.kr. þar sem mest munar um hlutdeild lífeyristrygginga í þessum málaflokki. Útgjöld vegna öldrunarmála námu tæpum 29 ma.kr. og aftur skýrir hlutdeild lífeyristrygginga stærstan hluta ásamt bótum samkvæmt lögum um félagslega aðstoð. Útgjöld vegna fjölskyldu- og barnamála námu 15,5 ma.kr. þar sem barnabætur og útgjöld vegna fæðingarorlofs skýra stærstan hluta útgjalda. Útgjöld vegna atvinnuleysis námu 7,3 ma.kr. samanborið við 8,8 ma.kr. í fyrra sem er í samræmi við það sem gert hafði verið ráð fyrir og skýrist með lækkun atvinnuleysis á milli ára. Útgjöld vegna annarra trygginga- og velferðarmála námu 4,8 ma.kr.

Önnur útgjöld námu 17,9 ma.kr. á tímabilinu samanborið við tæpa 16 ma.kr. á fyrra ári. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga námu 7,2 ma.kr. á tímabilinu, samanborið við 6,2 ma.kr. á fyrra ári. Þá nam greiddur fjármagnstekjuskattur ríkisins 6,5 ma.kr. samanborið við 5,6 ma.kr. á fyrra ári.

Lánsfjárfjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárfjöfnuður ársins var neikvæður um 39,6 ma.kr. en á sama tíma í fyrra var hann neikvæður um 3,6 ma.kr. Afborganir lána námu samtals 83,6 ma.kr. og þar af námu erlendar afborganir 52,6 ma.kr. Lántökur á tímabilinu námu alls 38,2 og voru allar innlendar.

Á fyrsta fjórðungi þessa árs keypti ríkissjóður tæplega 10% af skuldabréfi sem gefið var út í Bandaríkjadöllum árið 2011 og var á gjalddaga í júní 2016.

Í maí greiddi ríkissjóður fyrirfram lán frá Póllandi sem tekið var árið 2009 í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda eftir fall fjármálakerfisins, sem studd var af Alþjóðagjaldeyrissjóðnum. Um var að ræða endurgreiðslu að fjárhæð 204 milljónir slota, jafnvirði um 7,3 milljarða króna.

Í júlí greiddi ríkissjóður upp eftirstöðvar svokallaðs Avens skuldabréfs að fjárhæð 192 milljónir evra auk vaxta. Upphaflegt nafnverð bréfsins var 402 milljónir evra og var það afborgunarbréf, gefið út árið 2010 með lokagjalddaga 2025.

